

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

OKTÓBER 2023

9. tbl. 30. árg.

EINFALT OG ÞÆGILEGT

Pantaðu lyfin
á lyfjaval.is

Veldu að sækja í
næsta apótek eða
fáðu sent heim.

Lyfjaval



Óðinsgata 1 - Reykjavík
Sími: 511 6367

Netverslun:
systrasamlagid.is

Sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid



Þannig myndi Breiðholtsskiltið líta út komið á þann stað sem lagt er til.

Tillagan um að fallega hannað Breiðholts-skilti verði sett upp við gatnamótin efst á Höfðabakka þar sem umferð er mikil er á meðal hugmynda sem sendar voru til borgarinnar í hugmyndasöfnunina Hverfið mitt.

Bent er á að útsýni sé þaðan yfir blokkir sem

einkenni Breiðholt og staðsetningin ljósmynda-væn. Gott væri að láta gildi Breiðholts standa á skiltinu en þau eru "Virðing, vinsemd og góðar stundir". Mikill áhugi virðist fyrir málinu í Breiðholti. Nú verður fari í að hanna hugmyndir undirbúa framkvæmdir í samráði við nærsam-

félagið. Hugmyndahöfundum verður á samráðs-fund þar sem þeir geta útskýrt sínar hugmynd nánar. Síðan fara hugmyndir sem kosnar verða fyrir íbúaráð hverfanna.

Þitt hverfi hefur hækkað einna mest síðastliðið ár.

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst **510 7900**

LIND
FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

RECARO
Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN hf

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

LÆGSTA VERÐIÐ

Í REYKJAVÍK

ERÍ SUÐURFELLI



Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Borgarblöð ehf.
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Póstdreifing ehf.
9. tbl. 30. árgangur
Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Fjölmennning

Breiðholt er fjölmenningsarsamfélag sem skapar tækifæri. „Hverfið er suðupottur allskonar stefna og strauma þar sem ólík viðhorf og stefnur mætast,“ segir Óskar Dýrmundur Ólafsson fyrrum hverfisstjóri í Breiðholti og nú framkvæmdastjóri Suðurmiðstöðvar í Mjódd í samtali við Breiðholtsblaðið.

Á undanförnum áratug hefur margvíslegt starf farið fram til stuðnings fjölskyldum í Breiðholti og ekki síst þeim sem komið hafa frá öðrum samfélögum og menningar- og málsvæðum og sest þar að.

Má þar nefna Breiðholtsbylgjuna, Betri borg fyrir börn, Menntun núna, Tinna og síðast en ekki síst Fjölskyldumiðstöðina í Gerðubergi. Þá má einnig nefna sendiherraverkefnið þar sem fólk af erlendum uppruna hefur tekið sér að nálgast samlanda sína og upplýsa þá og veita þeim stuðning.

Á nægjulegt er að sjá hversu vel hefur tekist að vinna með aðfluttu fólki og kynna því aðstæður hér á landi sem geta verið um margt öðruvísi en þaðan sem það hefur komið frá. Einnig er ánægjulegt að sjá hvernig fólk hefur blandast á jákvæðan hátt hver sem uppruni þess er.

Fleira fólk hefur flutt hingað og mun eiga eftir að flytja á komandi tímum. Atvinnulífið kallar eftir fleirum. Hvort sem um ört vaxandi ferðaþjónustu er að ræða eða aðrar atvinnugreinar. Einkum byggingaiðnaðinn þar sem óþrjótandi verkefni eru framundan svo langt sem auga eygir.



Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
eða fáðu lyfin send heim

Pantaðu á appotek.is
eða í síma 568 0990

Garðs Apótek - í yfir 60 ár

Sogavegi við Réttarholtsveg
Ópið 9-18 virka daga.

Reykjavíkurborg

Leitar að nýjum þjónustu- aðila fyrir skiptistöð Strætó



Þönglabakki 4 betur þekkt sem skiptistöð Strætó.

Reykjavíkurborg leitar nú að rekstraraðila fyrir Þönglabakka 4 í Mjódd. Gert er ráð fyrir að nýr rekstraraðili muni taka þátt í að skipuleggja breytingar á hlutverki húsnæðisins í samvinnu við Reykjavíkurborg og aðra sem eru með starfsemi í Mjódd. Jón Halldór Jónasson verkefnisstjóri hjá Reykjavíkurborg segir að Reykjavíkurborg vilji bæta þjónustu, verslun og veitingaaðstöðu í Mjódd þar sem nú er biðstöð fyrir notendur Strætó.

Jón Halldór telur að í Mjóddinni séu áhugaverð tækifæri fyrir veitingarekstur sem falli vel að hlutverki húsnæðisins sem þjónustustöð Strætó. Stöðin gegni

mikilvægu hlutverki innan leiðakerfis Strætó og fari rúmlega þrjú þúsund manns um hana daglega. Nýr rekstraraðili mun velja verslanir og veitingastaði til samstarfs, afli tilskilinna leyfa, sjái um kynningar- og markaðsmál og annast allan daglegan rekstur hússins, þar með talið rekstur á salernum og öryggisvörslu. Jón Halldór segir að gerð verði krafa um að opið verði frá kl. 8 til 22 alla daga og að aðgengi verði að salernum á þeim tíma. Við val á rekstraraðila verður nýnæmi hugmynda, verðtilboð, hönnun og útlit, tenging við anda skipulags á svæðinu, þekking, reynsla og fjárhagsgeta hans ásamt viðskiptahugmynd metin.

Met í fjölgun íbúa

- hlutfall aðfluttra hæst í Breiðholti



Frá árdögum Fellahverfis. Fólk víðs vegar að af landinu og úr mismunandi byggðum flutti í Breiðholt og myndaði hálfgerða fjölmenningarbyggð. Síðar fóru aðkomnir frá öðrum löndum að setjast að í Breiðholti. Þar er nú eitt stærsta fjölmenningsarsamfélag á landinu.

Íbúum á Íslandi fjölgaði um ellefu þúsund og fimm hundruð á liðnu ári sem er meiri fjölgun en áður hefur mælst. Fjöldi aðfluttra hefur stórukist á undanförunum árum, erlendir ríkisborgarar eða aðflutt fólk eru nú um 20% af vinnumarkaðnum í heild sinni.

Í mánaðarskýrslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar er því lýst að fjölgunin hafi haldið áfram á þessu ári. Á fyrri helmingi ársins hafi íbúum landsins fjölgað um 1,7%. Með sama áframhaldi verði fjölgunin í ár enn

meiri en í fyrra og fjöldi íbúa á Íslandi í lok árs 400 þúsund. Fólk af erlendum uppruna ríkisborgarar eru um átján prósent þeirra sem búa hér á landi eða rúmlega sjötiu þúsund. Yngra fólk er fjölmennara að þessu leyti. Um þrjátíu prósent fólks á aldrinum 26 til 36 ára er af erlendum uppruna. Sterk tengsl eru á milli hagvaxtar á Íslandi og fjölda aðkominna aðila. Einkum er um að ræða áhrif ferðaþjónustu en einnig byggingaiðnaðar og rafrænnar hugverkagerðar. Í Breiðholti er hlutfall aðkomins fólks með því hæsta sem gerist hér á landi.

HÓPEFLI

ALLT Á EINUM STAÐ

—
KEILA
PÍLA
KAREOKE
SHAKE
PIZZA
BOLTINN Í
BEINNI
SPORTBAR

ÞÚ GETUR BÓKAÐ Á
KEILUHOLLIN.IS OG
Í SÍMA 5 11 53 00

Keiluhöllin
EGILSHÖLL



VIÐTALIÐ

Fjölmennningin skapar margvísleg tækifæri

- segir Óskar Dýrmundur Ólafsson framkvæmdastjóri Suðurmiðstöðvar

Breiðholt er fjölmenningar-samfélag sem skapar tækifæri. Hverfið er suðupottur allskonar stefna og strauma þar sem ólík viðhorf og stefnur mætast. Útkoma úr slíku er alltaf áhugaverð. Hér er fólk af ýmsu þjóðerni og í raun er þetta ekki ólíkt því sem var á uppvaxtarárum mínum hér, nema hvað þá voru krakkar utan af landi í aðalhlutverki. Þau höfðu – rétt eins og útlandingar nú – ólíkan bakgrunn og því fylgdi margt skemmtilegt, segir Óskar Dýrmundur Ólafsson framkvæmdastjóri Suðurmiðstöðvar og áður hverfisstjóri í Breiðholti sem spjallar við Breiðholtsblaðið að þessu sinni. Óskar er Breiðhyltingur sonur Ólafs Dýrmundssonar búfjárræktar- og síðar ráðunautar lífræns búskapar og landnýtingar og Svanfríðar Óskarsdóttur bókasafnsfræðings.

Talið barst fyrst að fjölmennings-samfélaginu. „Ég ræð mig til starfa hjá þjónustumiðstöð Breiðholts eins og hún hét þá árið 2012 sem hverfisstjóri í Breiðholti en kallast nú framkvæmdastjóri Suðurmiðstöðvar. Þessi nafnbreyting er liður í að færa þau verkefni sem unnið hefur verið að í Breiðholti til fleiri byggða og tengja þjónustunetið betur saman. Allir eiga rétt á hliðstæðri þjónustu burt séð frá búsetu.“ Óskar tók að sér að leiða Breiðholtsverkefnið. Hvað fólst í því. „Þetta verkefni snerist í grunnin um að endurskoða þá þjónustu sem Reykjavíkurborg er að veita í Breiðholti og fjalla um það út frá þeirri þróun sem varð orðin í samfélaginu. Þeir sem eru að skipuleggja þjónustu þurfa að taka sérstaklega mið af því að hér býr fjöldi fólks með margvíslegan menningarbakgrunn. Fólk er frá ýmsum menningarsvæðum og tala margvísleg tungumál. Við höfum verið að vinna að þessu í rúman áratug. Þetta er stöðug þróun og við störfum undir því kjörorði að taka

vel á móti fólki. Við bjóðum fólk velkomið og reynum að veita því þá bestu þjónustu sem við getum.“

Flókið tungumál

Óskar segir ætíð flókið fyrir fólk að flytja á milli landa og gerast innflytjendur á nýjum slóðum, nýju búsvæði. Við finnum þetta sjálf sem höfum flutt og búið annars staðar um tíma. Þá er auðveldara að setja sig í spor þeirra sem eru að koma hingað til að hefja búsetu. Fólk flytur jafnan ekki með stórfjölskyldu með sér og þarf einnig að kynnst nýjum háttum. Fólk þarf að læra nýtt tungumál. Tungumál sem fyrir mörgum er flókið. Alls ekki er auðvelt að skilja hvernig allt virkar hér. Þetta er búið að vera eitt af höfuðverkefnunum.“

Breiðholtsbylgjan

Óskar segir að annað verkefni sem byrjað hafi verið á 2012 sé að finna hvernig þróa mætti það góða samstarf sem verið hafi á milli allra aðila í Breiðholti. Bæði þeirra sem veita þjónustu og íbúanna. „Við settum af stað viðamikla samstarfsáætlun sem við kölluðum Breiðholtsbylgjuna. Við vorum með starfsdaga á hverju ári í nokkur ár. Þar buðum við öllum starfsmönnum á vegum Reykjavíkurborgar og ríkinu í Breiðholti að koma saman og deila þekkingu sín á milli. Þetta byggðist strax í upphafi á góðum grunni en hefur þróast betur og betur í mikilvægt samstarf. Eitt af því sem við erum að vinna með er verkefni sem við köllum betri borg fyrir börn. Þetta verkefni byggir á nýjum lögum um farsæld barna. Þetta samstarf sem við höfum þróað markvisst í Breiðholti hefur orðið fyrirmynd annarra hverfa um vinnulag um farsæld barna.“

Fjölskyldumiðstöðin í Gerðubergi

Óskar segir að strax þegar farið var



Óskar Dýrmundur Ólafsson.

af stað árið 2012 hafi verið ákveðið að beita aðferðum félagslegrar nýsköpunar. Þessi aðferð hafi nú getið af sé tugi verkefna þar sem hafi verið farnar nýjar leiðir til að veita þjónustuna. „Stærsta verkefnið sem varð til er menntun núna. Unnið með með Fjölbrotaskólanum í Breiðholti og starfsmenntasetrinu lðunni. Við studdumst við raunfærnismat þar sem unnið var gegn brotthvarfi nýbúa úr skóla. Verulega var hert á íslenskukennslu.

Eitt af því sem þróað var er fjölskyldumiðstöðin í Gerðubergi. Þar hafa orðið til félagsleg verkefni eins og Tinna sem ég tengi við félagslega nýsköpun. Ákveðin lögð myndaðist um tíma í félagsstarfinu í Gerðubergi en það fór aftur af stað í tengslum við fjölskyldumiðstöðina og verkefni tengt félagslegri nýsköpun. Þannig höfum við verið frumkvöðlar og sambærileg verkefni farið af stað á fleiri stöðum.“

Aldurssamsetningin að breytast

Óskar segir hraðar beygingar á samfélaginu ástæðu þess að farið var í nýsköpunarstarfsemi. „Við þurfum að fylgja því eftir og þróa þjónustna í takt við þær. Við verðum að horfa heildstætt á þessar breytingar. Við verðum að horfa til allra íbúa ungra sem eldri.“ Óskar bendir á að margir íbúar í Breiðholti séu að eldast. Hann segir að margir af frumbyggjum hverfisins búi þar enn. Því þurfi að aðlagja þjónustuna með tilliti til breytinga í aldurssamsetningu. „Þróunin er í þá átt að eldra fólk flytur úr stórum eignum í minna húsnæði og velur sér þá gjarnan staði sem eru í meiri nálægð við þjónustu.“ Hann bendir á Gerðuberg og Árskóga í því efni og segir að uppbygging sé einnig að eiga sér stað í Breiðholti. Verið sé að byggja Mjóddina upp. Þar sé uppbygging í kringum ÍR í fyrirrúmi og nú standi til að endurbyggja kjarnana við Arnarbakka og Völvufell. „Þar er verið að vinna í takt við nýtt hverfisskipulag sem unnið var í samráði við íbúa. Í þeirri vinnu var farið inn í grunnskólana með líkön þar sem bæði börn og foreldrar fengu að koma með ábendingar um hvað þeim fyndist að ætti að koma fram í nýju hverfaskipulagi. Þessa dagana er verið að hefja framkvæmdir við Vetrargarðinn efst í Seljahverfinu. Þar var skíðasvæði en nú á að stækka það og bæta og auka möguleika íbúanna og annara sem vilja notfæra sér vetraraðstöðu.“

Verið dugleg að kynna starfsemina

Þjónustumiðstöðin í Breiðholti nú Suðurmiðstöð hefur oft verið meira í umræðu en aðrar sambærilegar stofnanir í Reykjavík. Hverju svarar Óskar því. „Við höfum verið dugleg að kynna það sem við höfum verið og erum að vinna að. Einkum aðferðir okkar og þar kemur þessi

Komdu í þægilegt og gott umhverfi við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði
VELKOMIN

Mjóddin

félagslega nýsköpun við sögu. Við þurfum að vera í góðu sambandi við þá sem nota þjónustu okkar. Við höfum verið með upplýsingar á facebook og einnig á síðum Breiðholtsblaðsins. Hluti af stefnu okkar er að segja frá og að hlusta á fólk. Stundum vill gleymast að ekki er nóg að miðla upplýsingum. Heldur þarf líka að hlusta og vita hvað fólk hefur að segja. Við höfum notið góðs af samstarfi við íbúaráð Breiðholts.“

Sendiherrarnir eru að virkja okkur

Óskar vikur að sendiherrum Breiðholts. „Sendiherrarnir sem starfa á vegum Suðurmiðstöðvar eru af ólíkum þjóðernishópum. Þeir eru í tengslum við fólk sem flutt hefur eða er að flytja erlendis frá í Breiðholt. Þar höfum við átt mjög góð samtöl. Ekki aðeins um þjónustuna heldur margt annað sem varðar líf fólks í nýju umhverfi. Hluti af verkefni er að láta raddir innflutts fólks heyrast betur þannig að þarfir þess verði sýnilegri.“ Óskar segir tvennt hafa gerst með sendiherraverkefninu. „Sendiherrarnir eru að virkja okkur í að ná betur til barna og fá þau í frístundastarfið. Einnig að koma upplýsingum inn í þá þjóðfélagshópa sem þeir tilheyra og að koma upplýsingum til okkar þannig að starf þeirra virkar gagnkvæmt. Þau eru ekki aðeins fulltrúar einstakra mál- og menningarhópa heldur mynda þau eina heild. Það er fyrirbæri sem við köllum innngildingu. Þetta samrýmist stefnu sem Reykjavíkurborg hefur verið með sem kallast Intercultural á ensku og gæti útlagst fjölmennningarleg þar sem fólk frá ólíkum mál- og menningarhópum er að tengjast í eina heild. Ég sé að í löndunum í kringum okkar hafa menn verið að glíma við þetta en ekki tekist nægileg vel. Verið of fastir í fjölmenningarhugmyndunum en síður horft á nauðsyn á þörfinni fyrir að mynda eina heild. Ná ekki að tengja þetta allt saman. En þegar við horfum á þarfir fólks hefur það áhrif á þjónustu. Til dæmis heimaþjónusta eða þarfir fólks sem býr við fátækt svo dæmi sé tekið. Einnig hvernig við vinnum með börnum og ungmönnum í frístund. Kjarninn í þessu er að þjónusta fer fram þar sem fólk hittist og mætist.“



Frá 15 ára afmæli Pólska skólans í Austurbergi.



Fjölskyldumiðstöðin og Borgarbókasafnið Gerðubergi bjóða upp á lestraraðstoð fyrir börn í 4., 5. og 6. bekk í Fellaskóla undir yfirskriftinni Krakkanám þar sem sjálfbodaliðar aðstoða börnin við heimalesturinn.



Frá hinni vinsælu félagsvist í fjölskyldumiðstöðinni í Gerðubergi. Þar koma margir heldri borgarar saman og spila.

Fólk verði virkir þátttakendur

Óskar lýkur spjalli sínu með því að minnst á öfluga starfsemi í Breiðholti. Hann segir mikla aðsókn í tónlistarskólana enda sé tónlistin alheims tungumál. Öflugur rótarýklúbbur starfi í Breiðholti sem láti margt gott af sér

leiða. Hann nefnir Soroptimista og Rauða krossinn. Fjölbreytt trúarlíf því fólk komi úr ýmsum trúfélögum og kirkjudeildum. Pólska bókasafnið hafi verið opnað í fjölskyldumiðstöðinni Gerðuberg og ýmislegt fleira mætti nefna. Nauðsynlegt sé að fólk lendi ekki utangarðs í samfélaginu heldur verði virkir þátttakendur í því.

Farsæld barna og foreldrar

- eftir Óskar Dýrmund Ólafsson

Frá því að lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna voru samþykkt í byrjun árs 2022 hefur Reykjavíkurborg endurskipulagt þjónustuna hjá sér undir einkennisorðunum „Betri borg fyrir börn“. Markmið farsældarlaganna og þar með betri borgar fyrir börn snýst um að allir þeir sem vinna við að styðja öll börn fylgist með líðan þeirra, starfi saman í þágu þeirra og leggi áherslu á að barnið sé hjartað og útgangspunkturinn í því starfi.

Löng hefð hefur myndast víða fyrir samstarfi og hafa þeir sem hafa sem dæmi komið að lífi barna í Breiðholti átt með sér mikið samstarf og sér í lagi síðasta áratuginn. Haldnir hafa verið starfsdagar fyrir allt starfsfólk í hverfinu, samstarfsnet fagfólks verið virk og samstarf með foreldrafélögum skapað grunn sem nú nýtist afskaplega vel við að vinna að farsæld barna í skólasamfélaginu og nærumhverfi þeirra. Stjórnendur grunn- og leikskóla, frístundamiðstöðva og velferðarþjónustu deila nú vinnustöð í miðstöðvum Reykjavíkurborgar sem er liður í betri borg fyrir börn. Þar er meðal annars verið að þróa hlutverk málsskjóla farsældar og í öllum leik- og grunnskólum eru komnir á legg tengiliðir farsældar með ákveðin hlutverk sem hluti af útfærslu á markmiðum laganna. Samstarf foreldrafélaganna í Breiðholti hefur skilað af sér margvíslegum framfaraverkefnum. Þau áttu til dæmis frumkvæði að því að ræða rafrænan útivistartíma og að foreldrum væru gefnir seglar til að setja á ísskápa heimila með leiðarljósum um hvernig væri best að umgangast netið og ástunda góða skjáhegðun. Var þetta verkefni framkvæmt svo fyrir alla borgina. Sem hluti af þróun þessa samstarfs er nú starfað eftir samstarfsýfirlýsingu um stuðning við börn í viðkvæmri stöðu þar sem stofnanir ríkis og borgar koma saman að borði. Einnig hefur verið hugað að heildstæðari nálgun í frístundastarfi þar sem áhersla er lögð á að virkja fleiri börn og ungmenni í íþrótt- og félagsstarfi með þeim jákvæðu áhrifum sem slík þátttaka hefur. Er sérstaklega horft til barna innflytjenda í því verkefni með áherslu á innngildingu, félagsleg tengsl og íslenskunám. Stefnt er að því að þessi verkefni komi svo til framkvæmda í öðrum hverfum borgarinnar.

Foreldrar eru öllu jafna mikilvægustu einstaklingar í lífi barns og er fjallað í lögnum um hvernig þessar breytingar styðja þá betur með samþættri þjónustu ef þeir óska eftir því. Samstarf þjónustuaðila og foreldra er því mikilvægt og huga þarf sérstaklega að því. Börnin sjálf skipta svo áfram eins og áður höfuðmáli og áhersla er lögð á að börnin eru hluti af þeim lausnum sem verða til í stuðningi við börnin. Því er mikilvægt að við upplýsum foreldra um þessar breytingar. Spyra má hvernig foreldrarfélög og samtök foreldra geta enn frekar komið að slíkri kynningu og tekið þátt í því að stuðla að aukinni farsæld barna með góðu samstarfi? Foreldrasamtökin Heimili og skóli hafa boðið uppá Farsældarsáttmálann sem hægt er að nýta í þessu skyni og getur gagnast foreldrum og félögum þeirra við að taka þátt í þessari mikilvægu þróun. Samstarf allra þeirra sem koma að lífi barna er hér í brennidepli og því betra sem það verður því betra tekst „þorpinu“ að ala upp farsæl börn.

NÁM TIL ALLRA ÖKURÉTTINDA

Verum ábyrg í umferðinni, ökufærni er lykilatriði.

Fáðu góða kennslu í elsta ökuskóla landsins

- Staðnám og fjarnám (fjarfundir), fullkominn tækjabúnaður
- Aukin ökuréttindi í stað- og fjarnámi. Fjarnám hefst 20. september
- Afleysinga- og rekstrarleyfisnámskeið leigubílstjóra í hverjum mánuði
- Endurmenntun atvinnubílstjóra alla daga í fjar- og staðnámi

BÓKAÐU NÚNA
bilprof.is

ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD

– yfir 40 ár í fagmennsku.

Þekking og reynsla í fyrirrúmi



Upplýsingar og innritun á bilprof.is og í síma 567 0300 • Opið 12-17 mánud. til fimmtud. og til 15 á föstud.

Kurr vegna lokunar skíðalyftu



Skíðabrekkan í Breiðholti áður en framkvæmdir við stækkun og endurgerð hófust.

Nokkurt kurr er í íbúum Breiðholts einkum því efra vegna þess að skíðabrekkan í Breiðholti verður ónothæf til sumarsins 2025. Er það vegna framkvæmda við endurbyggingu þar sem auka á möguleika skíðasvæðisins til muna undir heitinu vetrargarður sem taka þurfti skíðalyftuna niður.

Kolbrún Baldursdóttir borgarfulltrúi kveðst ekki hafa fengið svar frá meirihlutanum við fyrirspurn sinni um af hverju skíðalyftan hafi verið tekin niður. Einn stofnenda samtakanna Vín Vatnsendahvarfs segir að lyftan hafi verið tekin niður án samráðs við íbúa, sem hafi orðið fyrir miklum vonbrigðum þegar í ljós kom að skíðasvæðið yrði ekki opnað fyrir en í fyrsta lagi sumarið 2025 eftir loforð um annað.



Netverslun: systrasamlagid.is

Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

- » Þarf stærri heimtaug?
- » Hvaða lausn hentar best?
- » Er kerfið búið álagastýringu?
- » Sjálfvirk greiðslu- og innheimtukerfi?



• EIGNAUMSJÓN

20 ára

thjonusta@eignaumsjon.is | eignaumsjon.is

Sjálfbært hús við FB

Sjálfbært hús rís nú senn á skólalóð FB. Nú er steypuvinnu fyrir plötuna undir húsið lokið.

Verkefnið er samvinnuverkefni nemenda og kennara á húsasmíðabraut, rafvirkjabraut og verkfræðideildar

Háskólans í Reykjavík. Stefnt er að því að nota eingöngu sjálfbæra orku til að hita upp húsið og rafvæða það. Þá verða notaðar sólarcellur og vindorka.



Steypu rennt í mót í plötu undir sjálfbæra húsið.

Mennta- og barnamálaráðherra í FB

Ásmundur Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra heimsótti FB nýlega. Miklar umræður sköpuðust milli ráðherra og nemenda sem og stjórnenda sem áttu góðan fund á bókasafni skólans.

Í lokin leit ráðherra meðal annars inn í tíma hjá erlendum nemendum og skoðaði byggingu sjálfbæra hússins sem er í byggingu á skólalóðinni.

Ásmundur Einar Daðason er lengt til vinstri en Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari er standandi á myndinni.



Lestrarhakk í Gerðubergi

Dósaverksmiðjan og Borgarbókasafnið Gerðubergi standa saman að verkefni sem kallast Lestrar-hakk. Gígja Svavarsdóttir, framkvæmdastjóri Dósaverksmiðjunnar og Svanhildur Halla Haraldsdóttir sérfræðingur á Borgarbókasafninu í Gerðubergi standa að þessu verkefni.

Hugmyndin að baki því er að vera með valdeflandi lestur fyrir alla unglinga á aldrinum 12 til 16 ára. Öll eru velkomin óháð bakgrunni og móðurmáli. Þær segja hægt að komast í gegnum lífið án lestrar en það komi á óvart hversu mörg börn kunna illa að lesa. Þær segjast ætla að komast að því hver áhugamálin þeirra eru, hvað þau langar að læra og svo hverjar hindranirnar eru, er það lesblinda, vantar þekkingu á vestræna letrinu eða er eitthvað annað að koma í veg fyrir að þau geti lesið sér til gagns og gamans. Enginn skyldumæting verður en þær Gígja og Halla segist trúa því að enginn muni vilja missa úr.



Gígja Svavarsdóttir og Svanhildur Halla Haraldsdóttir.



SLEPPUM NÖGLUNUM

Það liggur í loftinu

Lífsgæðakjarnar

- meðal hugmynda um húsnaði fyrir eldra fólk



Með lífsgæðakjarna er átt við húsnaðisuppbyggingu fyrir aldraða sem er með fjölbreytt framboð af þjónustu í nærumhverfinu. Til að byrja með er gert ráð fyrir slíkum kjörnum í Úlfarsárdal, í Gufunesi og við Ártúnshöfða. Þegar hefur verið ákveðið að gera samninga við Samtök aldraðra og Leigufélag aldraðra. Á myndinni eru Gísli Bogason, Erna Stefánsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Magnús Björn Brynjólfsson, Jóhann Birgisson og Guðmundur Pálmi Kristinsson.

Staðan í húsnaðismálum eldra fólks var til umræðu á kynningarfundum sem fór fram í Ráðhúsi Reykjavíkur á dögunum. Þar voru kynntar nokkrar af þeim hugmyndum sem bást frá uppbyggingaraðilum eftir kall Reykjavíkurborgar um samstarf sem auglýst var á liðnu vori. Þar á meðal hugmynd um svonefnda “lífsgæðakjarna”.

Gert er ráð fyrir að á næstu 10 árum verði úthluta lóðum undir eitt þúsund íbúðir fyrir eldri borgara. Þörfin fyrir slíkt húsnaði er vaxandi en stórir árgangar færast á þriðja æviskeiðið á komandi árum. Á undanförnum árum hafa 465 hjúkrunnarrými og íbúðir fyrir eldri borgara opnað í Reykjavík. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri fór á fundinum yfir þau verkefni sem lokið hefur verið á undanförunum árum og eru í gangi í dag. Hann sagði að með fundinum væri verið að opna samtal um eðli og inntak hugtaksins „lífsgæðakjarnar“. Skoða þurfi hvernig uppbygging yrði best skipulögð, hvaða áherslur eigi að leggja og hvað þurfi að forðast. Mikilvægt væri að hlusta á skoðanir eldri borgara og taka mið af reynslu annarra þjóða. Eldra fólk væri fyrst og fremst fólk með fjölbreyttar og ólíkar þarfir. Í dag búa um 89% eldri borgara í eigin húsnaði og sá hópur skuldar að meðaltali lífið. Dagur benti á að mögulegt væri að mörg í þessum hópi búi í óhentugu húsnaði og séu að hugsa sér til hreyfings. Einnig ykist almennt þörf fólks fyrir þjónustu með hækkandi aldri, sérstaklega eftir áttætt. Hann hvatti þróunaraðila á húsnaðismarkaði til að huga að öllum þessum þáttum.

Síðustu sauð-kindurnar eru í Breiðholti

Síðustu sauðkindurnar í Reykjavík eru í Breiðholti. Þær eru í eigu Ólafs R. Dýrmundssonar áður land-sráðunautar Bændasamtaka Íslands í lífrænum búskap og landnýtingu.

Í dag er Ólafur með átta kindur og því með fjárbúskapinn sér til gamans. Fjárhús Ólafs er á lóð húss hans í Efra Breiðholti. Hann mun hafa verið með allt að 40 kindur þegar þær voru flestar. Innan tíðar mun hann senda frá sér bók um sauðfjárbúskap í höfuðborginni sem á sér langa og merka sögu.



Ólafur R. Dýrmundsson.

Almenningssamgöngur

Mikilvægt og víðtækt hlutverk

Rekstur almenningssamganga í Reykjavík og síðar á höfuðborgarsvæðinu á sér nær aldar langa sögu. Allan þann tíma hefur rekstur þeirra barist í bókum og svo er enn. Deilt er um hlutverk almenningssamganga. Hversu mikilvægt það sé og hversu víðtækt það eigi að vera. Samkeppnin við einkabílinn er hörð í borgarskipulagi sem í meira en hálfa öld hefur tekið mið af honum sem megin samgöngu-tæki. Íbúum höfuðborgarinnar og höfuðborgarsvæðisins alls hefur fjölgað mikið að undanförunum. Af þeim sökum þarf að skoða hugmyndafærði samgagnanna út frá nýjum forsendum. Eiga almenningssamgöngur að vera olnbogabarn til framtíðar og hvað kann að vera þjóðhagsleg hagkvæmt í því máli.

Tap af rekstri Strætó bs. á síðasta ári nam um 834 milljónum króna en áætlun gerði ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu af rekstri um 242 milljónir króna. Tap var því um 592 milljónum umfram áætlun ársins. Um er að ræða tæplega tvöfalda upphæð miðað við síðasta rekstrarár þegar það nam um 439 milljónum króna. Í skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra kemur fram að lakari afkoma skýrist af því að sú tekjuaukning sem fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir hafi ekki skilað sér sem rekja megi til vaxandi verðbólgu, olíuverðhækkana, kjarasamningsbundinna launahækkana og styttingu vinnuvikunnar. Í samantekt sem Alþýðusamband Íslands hefur birt námu fargjöld 21% af tekjum Strætó á síðasta ári en það eru um 1,8 milljarðar króna.

Efla með tillögur

Í skýrslu Verkfræðistofunnar Eflu kemur fram að um 20% íbúa höfuðborgarsvæðisins nota Strætó einu sinni eða oftár í mánuði. Þar kemur einnig fram hvernig bæta megi kerfi almenningssamganga á höfuðborgarsvæðinu. Þar segir að aukin tíðni ferða, styttri ferðatími, ódýrara fargjald og auðveldari skiptingar skipti máli. Í samantekt könnunarinnar kemur fram að mögulegar aðgerðir til að bæta gæði almenningssamgangna og auka notkun þeirra séu að veita þeim meiri forgang í umferðinni. Færa til biðstöðvar og huga vel að staðarvali þeirra við mótun skipulags. Endurskoða leiðakerfi Strætó og stuðla að aukinni upptöku strætókorta og endurskoða gjaldskrá. Einnig þurfi að hvetja vinnustaði til að taka upp samgöngustefnu. Reglulegar samamburðarmælingar á ferðatíma Strætó og einkabílsins eftir völdum leiðum innan Reykjavíkur í dag sýnir að oft taki um 10 mínútur eða lengri tíma að ferðast með Strætó en með einkabíl. Með því að stytta ferðatíma með Strætó megi gera ráð fyrir að fleiri líti á almenningssamgöngur sem raunhæfan valkost.

Fargjöld lengi umdeild

Fargjöld strætisvagna hafa verið umdeild. Í grein í Morgunblaðinu 19. september 1995, sem rituð var af Friðrik H. Guðmundssyni þáverandi formanni Íbúasamtaka Grafarvogs segir að nú sé svo komið ekki sé hægt að sitja lengur aðgerðarlaus. Ekki sé hægt að líða það að opinberir aðilar eins og Reykjavíkurborg leyfi sér að



Stærri strætisvagnar hafa verið settir inn á fjölmennari leiðir.



Strætisvagn frá liðinni öld. Trúlega frá áttunda áratugnum.



Gamall strætómiði. Líklega frá upphafi sjötta áratug liðinnar aldar. Þá kostaði farið 77 aura.

hækka fargjöld strætisvagnanna langt umfram almennar kaupgjaldshækkanir. Endanlega gengur fram af okkur þegar fargjöld unglinga og aldraðra eru hækkuð langmest og ekki látið muna um það, hækkunin er 100%. Hér höggva þeir sem hlífa skyldu.“ Svo mörg voru þau orð en hver er staðan tæpum þremur áratugum síðar. Hefur eitthvað breyst. Hvað hefur staðið í veginum fyrir því að notkun almenningssvagna hefur ekki aukist í takt við það sem vonir stóðu til. Fargjöld og hægfare umferð.

Ekki rými á umferðargötum

Líklegt má telja að gjaldfríar almenningssamgöngur myndu fjölga farþegum sem velja þær fram yfir einkabíl. Eftir stendur þó spurning um þau þægindi sem margir telja sig hafa af notkun einkabíls. En önnur spurning er einnig áleitin. Hversu lengi er rúm fyrir fjölgun einkabíla í hlutfallið við íbúafjölgun Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðisins alls. Þessu

vilja sveitarstjórnir mæta með flýtiakstursleiðum um búsvæðið. Fólksflutningavögnum sem aka um á sérleiðum sem önnur farartæki hafi ekki aðgang að. Þessi leið hefur ekki verið óumdeild einkum vegna kostnaðar við að byggja sérleiðir inn í umferðarkerfi höfuðborgarsvæðisins. En þá er ótalin hugsanlegur kostnaður af miklum umferðarþunga og töfum sem myndast á álagstíma. Og stærstu spurningunni er ósvarað. Hvað myndi kosta hinn almenna borgara að nota hinar nýju umferðaræðar. Í ljósi þess að fargjöld með strætisvögnum eru ekki óumdeild og hafa að einhverju leyti staðið gegn notkun þessarar þjónustu má spyrja hvar kostnaður og sparnaður kunni að mætast. Sé gengið út frá fyrirliggjandi spám og álitum verður að gera ráð fyrir að notkun almenningssamganga aukist verulega á komandi tímum. En til að svo megi verða er ekki nóg að flýta umferðartíma. Heldur verður að halda kostnaði fyrir hvern farþega innan takmarka.

Hjúkrunarrýmum í Seljahlíð lokað



Seljahlíð í Breiðholti.

Borgarráð hefur ákveðið að loka hjúkrunarrýmum í Seljahlíð. Húsið er talið henta illa fyrir hjúkrunarrými. Íbúum verður fundið annað pláss áður en Seljahlíð verður lokað.

Hjúkrunarrýmum í Seljahlíð í Breiðholti verður lokað 1. febrúar. Tuttugu og tveir íbúar dvelja á heimilinu. Ekki er verið að leggja hjúkrunarrýmin niður heldur verða þau færð á önnur hjúkrunarheimili. Ástæðan er sú að húsnæðið þykir henta illa fyrir rekstur

hjúkrunarheimilis og sé óhagkvæmt rekstrarlega séð vegna þess hversu fá rými eru í boði. Áform eru um að þróa frekar dagþjónustu í Seljahlíð og dagdvöl fyrir eldra fólk. Rekstur hjúkrunarrýma er á ábyrgðarsviði ríkisins, sem gerir samninga í gegnum Sjúkratryggingar Íslands. Gert er ráð fyrir að rekstrarheimildir vegna þessara rýma flytjist til annarra þegar þeim verður lokað.



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

Lyfjaval

HEILSA & HAMINGJA

Tvær bílalúgur
Einfalt og þægilegt

Bílaapótekið í hverfinu



Opnunartími
Suðurfelli 4

Virka daga

8:30-20

Laugardaga

11-17

Bætum umferð í Breiðholti og Seljahverfi með snjalltækni

Eftir Kjartan Magnússon borgarfulltrúa

Frumskylda hverrar er borgarstjórnar að sjá til þess að íbúar komist leiðar sinnar með skjóttum og öruggum hætti. Góðar samgöngur skipta íbúa í Breiðholti og Seljahverfi miklu máli enda sækja margir þeirra atvinnu og þjónustu út fyrir sitt heimahverfi.

Tafirnar kosta tugi milljarða

Of miklum tíma er sóað með umferðartöfum í Reykjavík og ljóst að sá kostnaður nemur tugum milljarða króna á ári. Er áætlað að a.m.k. 15 þúsund klukkustundum sé sóað í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu á hverjum degi. Það samsvarar 25 klukkustundum árlega á hvern borgarbúa. Flest viljum við verja sem mestu af dýrmætum tíma okkar með fjölskyldu og vinum en sóa honum ekki í umferðarteppum. Snjallvæðing og bestun umferðarljósa með hjálp gervigreindar hefur sannað sig víða erlendis í því skyni að stytta tafatíma og auka öryggi. Fjárfesting í sambærilegri snjallvæðingu í Reykjavík yrði fljót að skila sér margfaldlega með greiðari umferð, fækkun slysa og minni mengun.

Varlega áætlað gæti slík snjallstýring umferðarljósa bætt umferðarflæði í Reykjavík um 15% og minnkað tafir strætisvagna um 20%.

Miklir kostir snjallstýringar

Kostir slíkrar snjallvæðingar eru ótvíræðir. Í Reykjavík er hins vegar enn notast við svonefnt klukkukerfi, gamla tækni sem ekki er hægt að segja að byggist á snjalltækni nema að mjög takmörkuðu leyti. Reykjavíkurborg bauð í sumar út umferðarljósakerfi fyrir Höfðabakka. Um er að ræða sjö gatnamót milli Breiðholts og Grafarvogs, þar sem hefði verið kjörið að setja upp snjallstýrt kerfi. Því miður kaus borgin að halda sig við gamla klukkufyrirkomulagið.

Tillaga Sjálfstæðisflokksins

Í september sl. lagði ég fram eftirfarandi tillögu um málið á vettvangi borgarstjórnar fyrir hönd borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að gerðar verði úrbætur á stýringu umferðarljósa í Reykjavík í því skyni að auka umferðaröryggi, bæta umferðarflæði og draga úr mengun í borginni.

Leitast verði við að nýta kosti tiltækrar tölvutækni betur en nú er gert til að ná þessum markmiðum. Það verði m.a. gert með aukinni notkun snjalltækni, sem stýrir viðkomandi umferðarljósum í þágu umferðaröryggis og -flæðis gangandi, hjólandi og akandi vegfarenda.

Gervigreind verði notuð til að besta stýringuna út frá gögnum, sem aflað verði með skynjurum á umferðarljósum.

Í þessari vinnu verði hafður til hliðsjónar árangur þeirra borga á Norðurlöndunum og fleiri nágrannaríkjum, sem hafa náð góðum árangri við að auka umferðaröryggi, bæta umferðarflæði og draga úr mengun með slíkri snjalltækni.

Tillagan er nú til skoðunar í borgarkerfinu og verður vonandi til þess að ráðist verði af heilum hug í snjallvæðingu allra umferðarljósa.

Minni tafir – meira öryggi

Með slíkri snjallvæðingu væri hægt að lágmarka umferðartafir í borginni og auka umferðaröryggi. Skynjarar myndu t.d. tryggja að akandi eða hjólandi vegfarendur þyrftu sjaldnast að bíða á rauðu ljósi ef engin umferð væri á hliðargötunni. Einnig væri hægt að sjá til þess að gangandi og hjólandi vegfarendur fengju forgang og kæmust alltaf örugglega yfir gangbrautina en ættu það ekki undir ósveigjanlegri sekúnduklukku. Þá væri hægt að tryggja strætisvögnum víðtækan forgang með slíkri tækni.



Kjartan Magnússon.

Snjallsímanotkun

Fræðsla er lykilatriði

Kolbrún Baldursdóttir borgarfulltrúi segir að umræðan um snjallsímanotkun í grunnskólum og hvort eigi að banna þá í skólunum hefur verið í gangi af fullum þunga í sumar. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hafi átt fund með skólastjórum borgarinnar þar sem rætt var um möguleikann á símalausum skólum. Engin niðurstaða hafi fengist í málið sem sé miður.

Hún segir að meðan fullorðna fólkið ræðir þessi mál fram og til baka sé skólaganga hafin og fjöldi barna fari í skólann með síma sína í handraðanum. Staðfest hafi verið með fjölda rannsókna og kannana að síminn truflí einbeitingu þeirra í náminu. „Hér þarf að taka skýra afstöðu og fá niðurstöðu,“ segir Kolbrún sem telur mikilvægt að samtal verði haft við alla hlutaðeigendur, ekki síst foreldra. Fræðsla sé lykilatriði og ræða þurfi við foreldra um síma- og samfélagsmiðlanotkun barna þeirra. Ákvörðun um hvort þeir skuli bannaðir í skólastofunni



Kolbrún Baldursdóttir borgarfulltrúi.



Dæmigerður snjallsími eins og flest skólabörn nota.

hlýtur engu að síður að þurfa að koma frá yfirvöldum. Hún bendir á að margir séu ugðandi yfir hversu háðir nemendur eru símanum. Útilokað sé að vera með óskerta athygli á námi og samskiptum í

skólastofunni með símann í auglýn. Freistandi sé að skoða símann þegar hann lýsist upp eða gefur frá sér veikt píp. Sími ofan í tösku sem slökkt er á truflí minna.

Bæta þarf í rekstur grunnskóla vegna erlendra barna

Frá byrjun árs 2022 til ágúst-mánaðar sl. fækkaði um 398 íslensk börn á grunnskólaaldri í borginni en á sama tíma fjölgaði í hópi erlendra barna um 563 nemendur. Bent hefur verið á að á meðan ríkið fjármagnar ekki stuðning við þessi börn glími skóla- og frístundasvið borgarinnar við mikil viðbótarútgjöld.

Upplýsingar um stöðuna koma fram í rekstraruppgjöri sviðsins fyrir fyrri helming ársins, sem lagt var fram í skóla- og frístundaráði Reykjavíkurborgar sl. mánudag. Þar er bent á að 563 erlendir nemendur séu eins og einn stór grunnskóli með öllum sínum kennurum og stjórnendum. Koma þessara barna inn í íslenskt skólakerfi er staðreynd, vegur gríðarlega þungt í rekstri skóla- og frístundasviðs og ekki verður séð hvernig haldið verður áfram nema til komi viðbótarfjármagn inn í rekstur grunnskóla til að mæta aukinni kennsluþörf og stuðningi við þessa nemendur,“ segir í uppgjörinu.



Grunnskólabörn. Myndin er tekin í Fellaskóla.

Um 27% minni losun vegna úrgangs

Niðurstöður loftslagsbókhalds Reykjavíkur voru kynntar í umhverfis- og skipulagsráði 20. september en í bókhaldinu kemur meðal annars fram að Gas-og jarðgerðarstöð Sorpu á Álfsnesi hefur nú þegar, eftir sitt annað rekstrarár, skilað sér í um 27% minni losun frá 2019. Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda í Reykjavík árið 2022 er 567.822 tonn en var 590.907 tonn árið 2019 sem er viðmiðunarár.

Dregið hefur úr losun vegna úrgangs um 17.345 tonn sem gerir um 27% samdrátt frá árinu 2019. Losun vegna fólksbifreiða dregst saman um tæp 21.000 tonn frá 2019 eða um 8%. Lang stærsti hluti útblásturs í loftslagsbókhaldi Reykjavíkurborgar rætur sínar að rekja til fólksbifreiða eða 222 þúsund tonn á árinu 2022. Losun vegna vörubifreiða og



Dregið hefur úr losun vegna úrgangs.

hópbifreiða eykst á milli ára svo og losun vegna skemmtiferðaskipa. Markmiðið til 2030 er að minnka losun um 300.000 tonn miðað við árið 2019.

BH

BÍLAVIDGERÐIR

BÍLHÚSIÐ


www.bilhusid.is

Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.


Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

HREKKJAVAKA MIÐBERGS


30. OKTÓBER Á MILLI
KLUKKAN 14 OG 16 Í
FÉLAGSMIÐSTÖÐINNI
HUNDRAÐ & ELLEFU OG
GERÐUBERGI



ANDLITSMÁLNING
DRAUGAHÚS
ÓGEDISKASSAR
ÚTIELDUN



VEITINGAR SELDAR Á
VÆGU VERÐI Á
NORNAKAFFIHÚSINU
ATH. EKKI POSI Á
STAÐNUM, EINGÖNGU
REIÐUFÉ



LÁTUM OKKUR LÍÐA VEL!



Kósý fatnaður úr silkimjúku bambus efni sem andar frá sér og er framleitt á umhverfisvænan hátt. Fullkominn heimafatnaður. Einnig hægt að dressa upp og nota sem klassíska skyrtu eða buxur.



Byggðu þig upp fyrir veturinn!!
Gjörnnin matur og vítamín eru vandamál í veröldinni. Taktu inn það sem er hreint og virkar frá Viridian, sem er mögnuð vítamínlína.



Sacred Elephant eru framúrskarandi vönduð reykelsi eins og engin önnur. Mikið úrval. Hönnuð af munki og handunnin í klaustrum eftir búddískri hefð.



Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-17
Lau: 11-16
ÓÐINGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

Íþróttavika Miðbergs tekin aftur upp



Íþróttavikan er komin á fullt.

Íþróttavika Miðbergs var tekin aftur upp 25. september eftir nokkra ára pásu. Um er að ræða sameiginlegan viðburð hjá frístundaheimilunum í Breiðholti. Börnin æfðu sig í óhefðbundnum íþróttum eins og reipitogi, stígvélakasti, limbó og brennibolta. Keppnisskapið var í hámarki hjá börnunum og mikil stemning myndaðist.

Í lok fyrstu vikunnar skiptu frístundaheimilin sér upp milli hverfa og kepptu í íþróttunum. Veðrið lék við okkur þennan fimmtudag og allir voru ofurhressir og tilbúnir í

slaginn. Gleðin leyndi sér ekki þegar úrslit lágu fyrir.

Þrátt fyrir að enn sé langt í land með að fullmanna frístundaheimilin í Breiðholti og enn séu því miður biðlistar hjá okkur, reynum við okkar allra besta að halda úti öflugum fagstarfi á heimilunum og halda föstu viðburðina okkar eins og íþróttavikuna.

Ef þú eða einhver sem þú þekkir er að leita að starfi t.d. með skóla þá er um að gera að heyra í okkur eða bara kíkja á www.reykjavik.is/storf og sækja um skemmtilegasta starf í heimi.

Góð mæting í félagsmiðstöðvarnar



Glaður Miðbergshópur.

Í september fór mjög öflugt af stað í félagsmiðstöðvunum í Breiðholti og hefur mætingin verið mjög góð á öllum stöðum.

Helgina 6. til 8. október fór Landsmót Samfés fram á Akureyri. Bakkinn, Hellirinn, Hólmasel og Hundrad&ellefu sendu þangað 14 fulltrúa samtals. Á landsmóti Samfés hafa unglingar tækifæri til að fara í smíðjur, kynnast unglingum úr öðrum

félagsmiðstöðvum víðsvegar um landið og taka þátt í landsþingi ungs fólks. Á landsmóti er einnig kosið í ungmennaráð Samfés. Tveir fulltrúar úr Breiðholti buðu sig fram í kjördæminu Reykjavík Austur og hlaut Andrea úr félagsmiðstöðinni Hólmasel kosningu til eins árs. Það er margvíslegt framundan hjá okkur og er hægt að nálgast allar upplýsingar um komandi viðburði og dagskrá á [heimasíðunni midberg.is](http://heimasíðunni.midberg.is).

FALLEGIR LEGSTEINAR



Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Á góðu verði
Verið velkomin

Eyrartröð 16
220 Hafnarfirði

Opið kl. 11-16 virka daga

Bergsteinar
legsteinagerð

Stuðlum að stöðugu og góðu viðhaldi eldra húsnæðis

Öll hús eiga skilið að fá gott viðhald, við eigum að virða eignina okkar og þau verðmæti sem felast í vel útlitandi og góðri fasteign. Gamalt hús á að geta þjónað eiganda sínum jafnvel og nýtt hús, ef rétt er að málum staðið.

Fyrir nokkrum árum stýrði ég húsfundi þar sem hússtjórn fjölbýlishúss lagði fram tillögu um hófstilttar en nauðsynlegar endurbætur sem fólu í sér endurnýjun glugga og viðgerðir á ytra byrði hússins ásamt málun. Tillagan þótti ganga of langt og var felld af meirihluta eigenda, líklega vegna fjárhagsstöðu einstakra eigenda. Sami fundur ákvað að mála einungis húsið þrátt fyrir augljósar skemmdir. Eftir fundinn kom einn eigenda, sem reyndar hafði lagst gegn endurbótatillögunni, til mín og sagðist ekki geta opnað baðgluggann! Hann spurði hvað væri til ráða og svar mitt var einfalt. Eigendur verða að horfast í augu við staðreyndir, rekstur fasteignar felst ekki einungis í hita, raforku og ræstingum heldur líka viðhaldi eignarinnar.

Hvers virði er reglubundið viðhald?

Reglubundið viðhald skilar bæði verðmætari eign og auðseljanlegri, kostnaðargreiðslur eru fyrirséðar og á sama tíma er eignin í betra ástandi og öruggari.

Samkvæmt rannsóknnum kostar gott viðhald fasteignar um 1% af byggingarkostnaði húss á ári, sem jafngildir því að það kostar árlega að jafnaði 500 þúsund krónur að viðhalda meðalstórrí fasteign, eða um 40 þúsund á mánuði. Þá er einungis lítið til sameignar, þ.e. ytrabyrðis; þaks, veggja, glugga og útidyra, ásamt lögnum og sameiginlegar lóðar.

Við hjá Eignaumsjón erum að þjónusta um 800 hús- og rekstrarfélög með um 19.000 íbúðum/fasteignum og greining okkar leiðir í ljós að eigendur eru almennt ekki að leggja fyrir í langtíma viðhaldsjóð fasteigna sinna. Tölurnar sýna okkur að ekkert húsfélag er að safna í viðhaldsjóð sem nemur þessu 1% af byggingarkostnaði húss á ári. Algengt tillegg flestra er nær því að vera um 0,1-0,2%, eða á bilinu 5-10.000 krónur á mánuði. Algengast er að eigendur greiði viðhaldskostnað með skómmum fyrirvara, í aðdraganda framkvæmda og meðan á þeim stendur. Þær fjárhæðir geta numið allt að 5% af virði íbúðar þegar kemur að uppsafnaðri viðhaldsþörf.

Hverju þarf að breyta?

Mikil og þörf umræða er þessi misserin um húsnæðisþörf og málefni nýbygginga í landinu. Stjórnvöld eru krafín um úrræði og stefnu í þessum efnum en minna fer fyrir umræðu um viðhald húsa sem komin eru á



Daníel Árnason, framkvæmdastjóri Eignaumsjónar.
Ljósmynd: Þór Gíslason.

viðhaldstíma. Það tjóir lítið að byggja nýtt ef eldra húsnæði ónýttist fyrir aldur fram.

Í kjölfar bankahrunsins var endurgreiðsla virðisaukaskatts hækkuð í 100% af vinnulið, ásamt tímabundinni lækkun skattstofns sem nam 50% af viðhaldskostnaði undir slagorðinu „Allir vinna“. Víst er að aðgerðir miðuðu einnig að því að örva vinnumarkaðinn á þeim tíma. Endurgreiðslan var síðar lækkuð í 60% en hækkuð aftur í 100% í Covid faraldrinum. Í júlí í sumar var á ný dregið verulega úr þessum stuðningi, þegar virðisaukaskattsendurgreiðsla af vinnu var lækkuð í 35%. Þarna



Viðhaldsþörf fjölbýlishúsa og undirbúningur viðhaldsverkefna var til umfjöllunar á vel heppnuðum haustfundi 18. okt. sl. með stjórnnum húsfélaga sem eru í þjónustu hjá Eignaumsjón. Um 90 gestir mættu á fundinn og um 40 þátttakendur fylgdust með rafrænt á Teams.

Ljósmynd: Eignaumsjón.

fer lítið fyrir hvatningu stjórnvalda varðandi viðhald eldra húsnæðis.

Við hjá Eignaumsjón höfum lengi talað fyrir reglubundnu, fyrirbyggjandi viðhaldi fasteigna. Það er okkar sýn að húsfélög ættu að setja sér viðhaldsáætlun til nokkurra ára, byggða á ástandsmati viðkomandi fasteigna og tillögum um forgangsörðun verkefna eftir mikilvægi þeirra. Samhliða þarf að tryggja fjármögnun viðhaldsframkvæmda með skipulagðri söfnun í framkvæmdasjóð með tryggri og góðri ávöxtun með hagsmunum allra eigenda í fyrirrúmi.

Aukinn stuðningur stjórnvalda

Samhliða bættum lífsskilyrðum þjóðarinnar undanfarna áratugi er gott og öruggt íbúðarhúsnæði, gamalt eða nýtt, orðið lágmarkskrafa í samfélaginu. Ákall mitt til stjórnvalda og löggjafa er að horfa ekki einungis til nýbygginga þegar kemur að umræðu um húsnæðismál, heldur einnig að stuðla með ákveðnari hætti að góðu viðhaldi eldra húsnæðis með lagabótum og stjórnvaldsaðgerðum.



VILTU VINNA MEÐ OKKUR?

MIDBERG FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ AUGLÝSIR LAUS STÖRF Á FRÍSTUNDAHEIMILUM Í BREIÐHOLTI

Viltu vera partur af skemmtilegum og samheldnum starfsmannahóp á einu af mörgum frístundaheimilum Breiðholts?

Fáðu vinnu í þínu hverfi

Það sparar tíma og pening að vinna nálægt heimilinu. Ef þú getur nýtt umhverfisvæna samgöngumáta áttu rétt á samgöngustyrk. Starfinu fylgja einnig möguleikar á að fá sund- og menningarkort hjá Reykjavíkurborg ásamt ýmsum styrkjum á vegum stéttarfélagsins.

Nánari upplýsingar á: reykjavik.is/storf

Frístundaheimilin okkar í Breiðholti eru:

Álfheimar í Hólabrekkuskóla
Bakkasel í Breiðholtsskóla
Hraunheimar Hraunbergi
Regnboginn í Hólmaseli
Vinafell í Fellaskóla
Vinaheimar í Ölduselskóla
Vinasel í Seljaskóla



MIDBERG
FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ



Reykjavík

HEILSUEFLANDI BREIÐHOLT

Afpreying eftir skóla

Það eru margar rann-sóknir sem sýna það að tómstundaiðkun barna er mikilvæg fyrir þroska þeirra og sjálfstæði ásamt óteljandi annarra jákvæðra þátta. Það eru þó alltaf einhverjir sem stunda enga íþrótt né aðra frístund, sum vegna áhugaleysis, vegna félagslegra eða fjárhagslegra þátta eða annarra.

Það er margt í boði fyrir börn og ungmenni í dag og mikilvægt er að gefa þeim tækifæri á að prófa allt það sem þau hafa áhuga á svo þau taki meðvitaða ákvörðun um þá afþreyingu sem þau vilja stunda.

Í íslensku samfélagi er eðlilegt að börn fari í íþróttir eða aðra frístund eftir skóla en þekkest ekki í öllum menningaheimum og því er mikilvægt að miðla menningalegum þáttum til fólks sem flyst hingað til lands svo börn fari ekki á mis við það sem er í boði.

Frístundastyrkurinn er mikilvægur þáttur og við sem samfélag þurfum að vera duglega að segja öðrum frá honum og því sem er í boði. Frístundatenglar hafa verið mjög sýnilegir í Breiðholti síðustu ár við að aðstoða aðra við að nýta styrkinn og kynna hvaða frístundir og íþróttir eru í boði. Ef áhugi barna liggur í öðrum þáttum þá hafa frístundatenglar einnig verið tilbúnir við að hlusta á það og aðstoða við að setja nýja afþreyingu upp.

Á hverju hausti er farið í skólana og hitta frístundatenglar kennara, börn og foreldra til þess að kynna fyrir þeim allt það sem í boði er og taka einnig við þeim hugmyndum og óskum sem geta komið fram. Við teljum mikið áunnið að hafa gott aðgengi að frístundatenglunum eins og hefur verið og því munum við halda áfram þessar góðu vinnu.

Guðbjörg Ingunn Magnúsdóttir.
Frístundatengill við Suðurmíðstöð.



Guðbjörg Ingunn Magnúsdóttir.

Sjáðu fegurð þína

- myndlistarsýning í Gerðubergi

Myndlistarsýningin, Sjáðu fegurð þína, opnar í sýningarsal Borgarbókasafnsins Gerðubergi á morgun fimmtudaginn 26. október, kl. 17:30. Um er að ræða fyrstu einkasýningu með myndverkum og skúlptúrum Kristínar Ómarsdóttur, rithöfundar, ljóð- og leikskálds.

Sýningin er opnuð í tengslum við ritþingi um skáldskap og listferil Kristínar, sem verður haldið Tjarnarbíói í Reykjavík laugardaginn 28. október nk. Kristín Ómarsdóttir er fædd 24. september 1962 í Reykjavík. Hún hefur skrifað innan ólíkra bókmenntategunda allt frá árinu 1985; ljóð, leikrit, skáldsögur, smásögur. Hún hefur verið afkastamikil á sínu sviði og hlotið fjölda viðurkenninga fyrir verk sín.



Eitt verka Kristínar á sýningunni.

Ég féll strax fyrir hverfinu

Guðbjörg Ingunn Magnúsdóttir heiti ég og er grunnskólakennari, foreldrafræðari og uppeldisráðgjafi. Ég er einnig móðir, hundaeigandi og mikil áhugamanneskja um íþróttir. Ég hef fengið það spennandi hlutverk að vinna með Jóhannesi Guðlaugsyni sem frístundatengill í Breiðholti.

Tenging mín við Breiðholtið er sterk en ég er gift manni sem er alinn hér upp og hefur miklar taugar til hverfisins. Eiginmaður minn er Ragnar Þór Ingólfsson formaður VR og eigum við fimm börn. Á fyrsta stefnumóti okkar Ragga var mér boðið í bíltúr um gamlar heimaslóðir hans og féll ég þá fyrir bæði honum og hverfinu.

Á síðustu starfstöð minni fékk ég það verkefni að bjóða börnum og ungmennum uppá aðstæður til að auka á virkni þeirra. Út frá þeirri vinnu varð til Styrkur og einnig verkefni sem kallaðist Seigla en þar var reynt að aðstoða börn og ungmenni úr skólaforðun og einangrun.

Áhugi minn á því að hvetja börn til virkni er gríðarlega mikill og tel ég mikið áunnið ef það næst. Í starfi mínu sem frístundatengill sé ég mörg tækifæri og hlakka ég mikið til að kynna fólki hverfisins betur og leggja mitt á mörkum til samfélagsins.

Guðbjörg Ingunn Magnúsdóttir er nýr frístundatengill í Suðurmíðstöð.



Guðbjörg Ingunn.



1x2
GETRAUNIR.IS



Útfararstofa Íslands
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455



Útfararstofa Hafnarfjarðar
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Hleðslutæki

Ekki láta rafgeyminn skemmast í vetur

Mikið úrval hleðslutækja og vaktara fyrir allar gerðir rafgeyma



Hleður og vaktar rafgeyminn þinn

SKORRI

TUDOR

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 577-1515 • **NÝTT** vefverslun: www.skorri.is

Góðar árangur ÍR-inga

Meistaramót Íslands í víðavangshlaupum fór fram laugardaginn 21. október í Laugardalnum. ÍR átti 15 keppendur í þeim flokkum sem keppt var í sem voru 12 ára og yngri, 13-14 ára, 15-17 ára og fullorðinsflokkur en enginn var skráður til leiks í flokkum 18-19 ára pílta og stúlkna.

Úrslit ÍR ingar eru sem hér segir.

Stúlkur 12 ára og yngri (1,5 km)

Sóley Rósa Sigurjónsdóttir (UMSB)

4:47 mín

Emilía Ríkka Rúnarsdóttir (ÍR)

5:12 mín

Emilía Ólöf Jakobsdóttir (ÍR) 5:35 mín

13-14 ára piltar og stúlkur (1,5 km)

Bryndís María Jónsdóttir (ÍR) 5:45 mín

Margrét Lóa Hilmarsdóttir (Árman)

5:45 mín

Sigrún Ósk Hallsdóttir (Árman)

6:18 mín

15-17 ára piltar og stúlkur (3km)

Bjarki F. Benediktsson (FH) 9:08 mín

Illugi Gunnarsson (ÍR) 9:13 mín

Hilmar Ingi Bernharðsson (ÍR)

9:30 mín

Helga Lilja Maack (ÍR) 10:08 mín

Steinunn Bjarnveig Blöndal (UMSB)

12:08 mín

Rakel Eva Veigsdóttir (FH) 12:19 mín

Í sveitakeppni 15-17 ára pílta urðu ÍR piltar hlutskarpastir en sveitina skipuðu Illugi Gunnarsson, Hilmar Ingi Bernharðsson og Árni Benediktsson á tímanum 28:23 mín

Í fullorðinsflokki, þar sem hlaupnir voru 9 km, sigraði Íris Anna Skúladóttir (FH) og Arnar Pétursson (Breiðablik). Í öðru sæti var Halldóra Huld Ingvarsdóttir (FH) á 00:33:18 mín. og Fríða Rún Þórðardóttir (ÍR) var í því þriðja sæti á 00:35:59 mín. Í öðru sæti í karlaflokki var Fjölur Brynjarsson (FH) á 00:31:21 mín og Sigurgísli Gíslason (FH) í því þriðja á 00:31:52 mín.



Á myndinni eru þær Emilía Ríkka, Emilía Ólöf og Katrín Hulda Tómasdóttir sem sigruðu í sveitakeppni 12 ára stúlkna á tímanum 16:21 mín en sveit Ármanns varð í 2. sæti á 17:44 mín.

Tólf ÍR-ingar í úrvalshóp

ÍR-ingar eiga tólf manns í úrvalshóp Frjálsíþróttasambands Íslands árið 2023 til 2024 en hópurinn var kynntur á dögnum. Gleðilegt er að segja frá því að í þeim hóp er fjöldi efnilegs frjálsíþróttafólks úr röðum ÍR sem er um þriðjungur alls hópsins.

Úrvalshópurinn er valinn út frá árangri á utanhúss tímabilinu og mun því bæstast við hópin eftir að innanhúss tímabilinu lýkur vorið 2024 en aldursskiptingar og viðmið inn í hópin.

Eftirfarandi ÍR ingar voru valdir í Úrvalshóp FRÍ 2023 til 2024.

Hrafnkell Viðarsson, Hilmar Ingi Bernharðsson, Arnar Logi Brynjarsson, Iwo Egill Macuga Árnason, Ólafía Þurý Kristinsdóttir, Snædis Erla Halldórsdóttir, Júlía Mekkín Guðjónsdóttir, Hildur Vala Gísladóttir, Helga Lilja Maack, Eir Chang Hléadóttir, Sóley Kristín Einarisdóttir og Brynja Rós Brynjarsdóttir.



Á myndinni má sjá systkinin Brynju Rós og Arnar Loga Brynjarsbörn sem búa á Írlandi en keppa fyrir hönd ÍR.

Skíðadeild ÍR kynnti vetrarstarfið

Kynningarfundur á starfi Skíðadeildar ÍR á starfi vetrarins var haldin miðvikudaginn 27. september sl. Nýir iðkendur og foreldrar þeirra eru boðnir sérstaklega velkomnir.

Skíðæfingar hjá skíðadeild ÍR fara fram í samstarfi við skíðadeild Víkings. Á fundinum var farið yfir dagskrá haustsins, þjálfara flokka, viðburði og starf Hengils í vetur. ÍR-ingar vilja sjá sem flesta og keyra starfið í gang á vonandi frábærum skíðavetri.





GETRAUNANÚMER ÍR

109



**ALLTAF FULLT BORD
AF FERSKUM FISKI
OG FISKRÉTTUM**

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.



ÁFRAM ÍR



HEIMASÍÐA ÍR
www.ir.is



NOON
HÁRSTOFA

5 6 7 2 0 7 7 HÓLMASELI 2, 1 0 9 RVK

SmíðaVík
GÓÐIR Í GLUGGUM OG HURÐUM

**Ef þarf að skipta út gleri,
bæta þéttingu glugga og hurða,
lagfæra glugga og hurðir
eða skipta því út fyrir nýju
erum við réttu mennirnir.**

Við höfum góða reynslu í þessum efnum.

smidavik@smidavik.is
sími 898-0503
Guðlaugur



Stærsta verkstæði landsins í næsta nágrenni

Nesdekk Breiðhöfða 13.

Eitt fullkomnasta
hjólarðaverkstæði landsins.
Tímapantanir á nesdekk.is



Bókaðu tíma á netinu



Bókaðu tíma fyrir bílinn þinn og skoðaðu
dekkjaúrvalið á nesdekk.is